S K Ý R I N G A R

UPPSETNING TMBURVIRKIS SKAL GERÐ Í ÞESSARI RÖÐ:
1 MILLIGÓLF-1 MEÐ KLÆÐNINGU ÁSAMT ÖLLUM ÚT- OG INNVEGGJUM SEM GÓLFIÐ HVÍLIR Á.
2 ANNAÐ TIMBURVERK HÚSSINS.

TIMBURGÆÐI
ALLT SPERRU- OG GRINDAREFNI Í ÚTVEGGI OG Í BERANDI INNVEGGI SKAL VERA ÚR STYRKLEIKAFLOKKI T1 (C18).

VEGGKROSSVIÐUR
ÚTVEGGJAGRINDUR SKAL KLÆÐA AÐ UTANVERÐU MEÐ BYGGINGARKROSSVIÐ, FINNSKUR EÐA SÆNSKUR, Í STÆRÐINNI 1200x2740, (LÍMFLOKKUR 3 SKV. EN 314-2). PLÖTUR SKULU GANGA 30 MM NIÐUR Á STEYPTAN SÖKKUL AÐ UTANVERÐU. TILHÖGUN KROSSVIÐSKLÆÐNINGAR ER SÝND Á HLIÐARMYNDUM ÚTVEGGJA.

NOTA SKAL12 MM KROSSVIÐ (7 LAGA). VEGGI SKAL ÞÓ KLÆÐA BEGGJA MEGIN.

KROSSVIÐ SKAL NEGLA MEÐ 2" SAUM MEÐ HAUS OG MILLIBIL VERA MEST ÞANNIG:
c 100 MM Á JÖÐRUM HVERRA PLÖTU.
c 150 MM INNI Á PLÖTUFLETI.
SÝNA SÉRMYNDIR AÐRA NEGLINGU Á KROSSVIÐ, ÞÁ GILDIR ÞAÐ.

UNDIR ÖLL ÞVERSAMSKEYTI Á KROSSVIÐ SKAL SETJA 45x70 LAUSHOLT Á FLATINN OG STIKKNEGLA VIÐ STOÐIR.
ÞAR EÐ KROSSVIÐUR STÍFAR AF HÚSIÐ ER MIKILVÆGT AÐ NEGLA HANN EINS OG UM ER BEÐIÐ OG AÐ SAMSKEYTI SÉU ÁVALT Á MIÐRI VEGGSTOÐ ÞEGAR SAMSKEYTI ERU Á EINNI GRINDARSTOÐ.

MILLIGÓLF
MILLIGÓLF-1 SKAL KLÆÐA MEÐ 18 MM BYGGINGARKROSSVIÐ SEM NÓTAÐUR ER ALLAN HRINGINN (t.d. 18x1220x2440). KROSSVIÐSGÓLFKLÆÐNINGIN STÍFAR HÚSIÐ AF AÐ HLUTA. PLÖTUKLÆÐNINGINUNA SKAL LEGGJA ÚT EINS OG GRUNNMYND SÝNIR. FYRSTA PLATAN ER MERKT NR. 1. KLÆÐNINGUNA SKAL NEGLA MEÐ SAUM 3,1x75 OG MILLIBILI VERA MEST ÞANNIG:
c 80 MM Í 70x195 GÓLFBITA, Í 45x145 GÓLFBITA YFIR INNVEGG (SNIÐ D) OG Í AUSTUR ÚTVEGG.
c 120 MM Í ALLA AÐRA 45x195 GÓLFBITA.
c 120 MM Í BÆÐI HLIÐARBÖND GÓLFKLÆÐNINGAR.

TENGJA SKAL ÖLL PLÖTUSAMSKEYTI MEÐ LASKA.

MILLIGÓLF-2 SKAL EINNIG KLÆÐA MEÐ 18 MM KROSSVIÐ OG NEGLA MEÐ SAUM 3,1x75 c 75 MM Í BÖND OG GÓLFBITA. EKKI ÞARF AÐ TENGJA SAMAN PLÖTUSAMSKEYTI. TENGING GÓLFS-2 VIÐ ÚTVEGGI ER SÝND Á SÉRMYNDUM.

ÞAKKLÆÐNING:
ÞAK AÐALHÚSS SKAL ÞÉTTKLÆÐA MEÐ 25x150 BORÐAKLÆÐNINGU OG NEGLA MEÐ 3 STK SAUM 3,1x75 Í HVERT BORÐ. NOTA SKAL BORÐ Í SEM LENGSTUM LENGDUM OG DREIFA SAMSKEYTUM.
ÞAK KVISTA SKAL KLÆTT MEÐ 18 MM KROSSVIÐI (EINS OG MILLIGÓLF). KROSSVIÐURINN STÍFAR AF KVISTI OG SKAL SKORINN EINS OG ÞAKMYND SÝNIR. HANN SKAL NEGLA MEÐ 3,1x75 SAUM c 75 Á JÖÐRUM HVERRA PLÖTU EN c 100 INNI Á PLÖTU.

ÞAKKLÆÐNING SKAL GANGA ÚT FYRIR VEGGGAFLA SBR. SÉRTEIKNINGU ARKITEKTS.

BOLTAR, TEINAR, SKRÚFUR, SAUMUR.
MÚRBOLTAR SNITTEINAR Í ÚTVEGGJUM HEITSINKHÚÐAÐIR, MÚRBOLTAR Í INNVEGGJUM RAFSINKHÚÐAÐIR. MÚRBOLTAR FRÁ HILTI, SPIT EÐA SAMBÆRILEGT. SNITTTEINAR STÁLGÆÐI 8.8.
ALLIR EINHLIÐA GADDAPLÖTUR (BULDOGAR) SKULU HAFA MIÐJUGAT SEM ER MEST 1 MM STÆRRA EN ÞVERMÁL BOLTANS.
NOTA SKAL 5x50 SKRÚFUR (BYGGINGAVINKLASKRÚFUR) TIL FESTINGAR Á SPERRUM OFAN Í SUÐURÚTVEGG OG MÆNISBITA. AÐ ÖÐRU LEYTI MÁ NOTA 5x45 SKRÚFUR Í BYGGINGAVINKLA OG GATAPLÖTUR.

ALLUR SAUMUR SKAL VERA HEITSINKHÚÐAÐUR.

SKAMMSTAFANIR:
SKR MERKIR SKRÚFU.
S MERKIR SAUM.
c MERKIR MILLIBIL.
S-40 MERKIR SKINNUR 40 MM Á KANT, S-50 MERKIR 50 MM Á KANT O.SFR. HEITG.HÚÐAÐ.
LH MERKIR LAUSHOLT MILLI GRINDARSTOÐA Í VEGGJUM. SKRÚFAÐ EÐA STIKKNELGD VIÐ STOÐIR.

MÓTTEKIÐ
15 OKT. 2013
Byggingafulltrúinn ...

LOFTUN ÞAKS, FRÁGANGUR ÚTVEGGJA- OG ÞAKKLÆÐNINGA ÁSAMT FESTINGAUM, SJÁ TEIKNINGAR ARKITEKTS.

| | | | | |
|---|---|---|---|---|
| VERKEFNI: | A-Gata22 Í Landi Norðurkots | Teikn. | jrk, þj | Teikni.nr |
| | Skýringar fyrir tréverk | Dags. | 05.04.2013 | 203/10 |
| | | e-mail: | | robert@arkoteiknistofa.is |

ARKO TEIKNISTOFA LANGHOLTSVEGI 109 104 RVK. SÍMI 588-2500 GSM 894-6565 FAX 588-2501
JÓN RÓBERT KARLSSON - KT. 020141-3449

Br.